

11. Samstarf við önnur skólastig og grenndarsamfélagið

11.1 Samstarf við leikskóla

Ölduselsskóla hefur átt í góðu samstarfi við leikskóla hverfisins í mörg ár. Samstarfið felst m.a. í sameiginlegum fundum stjórnenda grunnskólanna og leikskólanna í Seljahverfi og gagnkvæmum heimsóknnum starfsfólks. Þá eru skipulagðar heimsóknir verðandi 1. bekkinga í skólann. Reynt er eftir megni að sameina starfsdaga skóla og leikskóla hverfisins. Þá hefur skapast sú hefð að nemendur í 7. bekk koma og lesa fyrir nemendum í leiksskólum hverfisins vegna Dags íslenskrar tungu í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina.

Viðamikilið þróunarstarf fór fram á árunum 1998-2000 sem var samstarfsverkefni leikskólanna og grunnskólanna í Seljahverfi. Afraksturinn af þeirri vinnu var matsheftið Gengið yfir brúna. Hér er um að ræða tæki til að framkvæma mat á elstu börnum leikskólans í samvinnu við foreldra. Heftinu er ætlað að vera stuðningsgagn fyrir barnið sem fylgir því frá leikskólastigi og yfir á grunnskólastigið.

Reynsla sem nú er komin á heftið Göngum yfir brúna er mjög góð og hefur það hjálpað kennurum í þeirri viðleitni að taka á móti hverjum nemanda í samræmi við hans þarfir. Heftið er endurskoðað á hverju ári.

11.2 Samstarf við safnskóla/framhaldsskóla

Ölduselsskóli var frá árinu 2008-2015 í samstarfi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti um kennslu fyrstu áfanga framhaldsskólans í ensku og stærðfræði. Í unglingadeild var um þriðjungur hvers árgangs sem lauk grunnskólanámi í þessum greinum við lok 9. bekkjar og bauðst þá að taka fyrstu áfanga framhaldsskóla í 10. bekk. Skipulag þess náms var í höndum Fjölbrautarskólans í Breiðholti (FB). Nemendur tóku þar af leiðandi sambærileg próf og verkefni og nemendur FB en kennsla fer fram í Ölduselsskóla. Kennarar komu annað hvort frá FB eða kennarar Ölduselsskóla voru í nánu samstarfi við kennara FB. Nú er svo komið að vegna fækkunar í árgöngum er þetta fyrirkomulag í námsframboði ekki lengur möguleiki. Þeir nemendur sem eru nú þegar í hraðferð halda áfram en nemendur sem hefja nám í 8. bekk í haust eiga ekki tækifæri á þessu námsframboði.

Þá hefur Ölduselsskóli einnig verið í góðu samstarfi við Fjölbrautarskólann við Ármúla og Verkmenntaskólann á Akureyri til margra ára. Hafa þar margir nemendur tekið valfög í fjarnámi og almennt gengið vel.

Þá hefur sú hefð skapast að þeir nemendur sem víkja að einhverju leyti frá hefðbundnum námskröfum er fylgt eftir í þann framhaldsskóla sem þeir fara í með fundi námsráðgjafa beggja skóla til þess að skólavist þeirra í framhaldsskóla verði sem farsælust.

11.3 Samstarf við tónlistarskóla

Ölduselsskóli hefur átt í samstarfi við Tónskóla Eddu Borg frá árinu 2009. Þeir nemendur sem þess óska (í samráði við tónskólann) geta sótt tíma hér á skólatíma en kennari frá tónskólanum kemur í skólann og kennir nemendum í tónlistarherbergi skólans.

Einnig hefur skólinn lengi verið í samstarfi við Lúðrasveit Árbæjar og Breiðholts en nemendur sveitarinnar sem eru hér í skóla sækja einkatíma hér í skólanum á skólatíma.